

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1963.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963 B., 99, bls. 238):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 85375.35
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 7256.90
	<hr/>
	kr. 92632.25
	<hr/>
	Kr. 92632.25

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 92632.25
	<hr/>
	Kr. 92632.25

Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. marz 1964.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 78.

30. apríl.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af syni Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, Jóni Halldórssyni, Sólvöllum 1, Garðahreppi, Gullbringusýslu, samkvæmt arfleðsluskrá, dagsettri 14. apríl 1961.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er andvirði allra eftirlátinna eigna Jóns Halldórssonar, og er nú kr. 565844.40.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, en lýtur sérstakri stjórn og verður eigi ráðstafað nema samkvæmt skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að framförum og menningu í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, svo sem með því að styrkja frumbýlinga þar til bústofnskaupa, að verðlauna bændur í Holtshreppi fyrir góða umgengni og snyrtimennsku í búskap, að veita bændum þar viðurkenningu fyrir umbætur á jörðum sínum, að veita ungum mönnum í Holtshreppi styrk til náms, að styðja ungmennafélag til menningarstarfsemi og íþróttaiðkana og að styðja hvers konar aðra þá starfsemi, er stjórn sjóðsins metur til framfara og menningarauka í hreppnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: hreppstjóri Holtshrepps, hreppsnefndaroddivitinn og einn maður tilnefndur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til fjögurra ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að fé hans sé jafnan ávaxtað í banka eða með öðrum tryggilegum hætti. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal hverju sinni $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn. $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna má úthluta ár hvert.

Sé eitthvert ár enginn styrkur veittur, skal vaxtafé það, sem úthluta mátti, geymast á vöxtum, unz skilyrði eru til styrkveitingar samkvæmt framangreindum fyrirráðum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast ávöxtun sjóðsins og reikningshald, tekur ávarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum og hefur að öllu leyti á hendi stjórn hans.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir ásamt hreppsreikningum

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenzkum fræðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. maí 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenzkum fræðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenzkum fræðum. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er ávöxtun hans í höndum rektors og háskólaráðs.